



## Helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2023

Evrópuskrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga



Helstu mál á vettvangi ESB 2023  
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2023  
Alþjóða- og þróunarsvið  
Borgartúni 30, Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík  
Ábyrgðarmaður: Óttar Freyr Gíslason  
Ljósmynd á forsíðu: Skrifstofa EFTA

# SVEITARFÉLÖGIN OG EES-SAMNINGURINN

---

Íslenska ríkið á aðild að yfirþjóðlegu samstarfi í gegnum EES-samninginn sem hefur víðtæk áhrif á starfsemi sveitarfélaga. Evrópsk löggjöf, sem innleidd er í íslenskan rétt á grundvelli samningsins leggur skyldur á herðar sveitarfélaga á ýmsum sviðum, svo sem á sviði umhverfismála, vegna stöðu þeirra sem vinnuveitenda og veitenda opinberrar þjónustu, vegna innkaupa sveitarfélaga og fyrirtækjareksturs þeirra. Áætlað er að reglur ESB hafi áhrif á ríflega helming viðfangsefna sveitarfélaga en allt að 70% löggjafar ESB er á sviðum sem varða sveitafélög og það kemur í þeirra hlut að koma reglunum í framkvæmd. EES-samningurinn tryggir einnig aðgang að ýmsum evrópskum samstarfs-áætlunum sem geyma áhugaverð tækifæri fyrir sveitarfélög. Þar má t.d. nefna Horizon Europe, rannsóknar- og nýsköpunaráætlun ESB, LIFE, umhverfis- og loftslagsáætlun ESB og Digital Europe, samstarfsáætlun ESB um stafræna þróun.

Próunar- og alþjóðasvið sambandsins starfar að hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög gagnvart EES-samningnum en haustið 2006 tók til starfa skrifstofa sambandsins í Brussel sem heyrir undir sviðið. Skrifstofan, sem er fjármögnuð af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, annast almenna hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög gagnvart EES-samningnum og aðstoðar sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra við að nýta sér tækifæri í evrópskum samstarfsáætlunum.

EES-reglur hafa bein áhrif á sveitarfélög og því er mikilvægt að stunda virka hagsmunagæslu gagnvart ESB og öðrum hlutaðeigandi stjórnvöldum. Brýnt er að fylgjast með undirbúningi stefnumótunar, löggjafar og annarra ákvarðana ESB sem geta haft áhrif á íslensk sveitarfélög og koma sjónarmiðum á framfæri eins snemma og mögulegt er í ákvörðunarferli mála. Einnig er nauðsynlegt að sveitarstjórnarmenn og sérfræðingar sveitarfélaga viti hvað er í farvatninu þegar þeir taka mikilvægar ákvarðanir sem varða íbúana. Sambandið vinnur að hagsmunagæslu fyrir íslensk sveitarfélög í nánú samstarfi við evrópsk hagsmunasamtök sveitarfélaga, CEMR.

## EFNISYFIRLIT

### Helstu mál á vettvangi ESB árið 2023

<b>1. Starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB árið 2023 .....</b>	<b>5</b>
<b>Grænn sáttmáli fyrir Evrópu .....</b>	<b>5</b>
<b>Stafræn framtíð Evrópu .....</b>	<b>10</b>
<b>Efnahagskerfi sem sinnir þörfum almennings .....</b>	<b>11</b>
<b>Evrópsk gildi og lýðræði .....</b>	<b>12</b>
<b>2. Evrópskar samstarfsáætlanir .....</b>	<b>13</b>
<b>3. EES EFTA samstarfið .....</b>	<b>15</b>
<b>Sveitarstjórnarvettvangur EES EFTA .....</b>	<b>15</b>
<b>Ráðgjafarnefnd EFTA .....</b>	<b>16</b>
<b>Uppbyggingarsjóður EES .....</b>	<b>17</b>

# HELSTU MÁL Á VETTVANGI ESB ÁRIÐ 2023

---

Í þessu riti er að finna yfirlit yfir helstu mál á vettvangi ESB árið 2023 sem varða íslensk sveitarfélög.

Í fyrsta lagi er að finna kynningu á starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB fyrir árið 2023, en yfirskrift hennar er að þessu sinni „A Union standing firm and united“. Starfsáætlunin er með svipuðu móti og árið á undan, enda er þetta síðasta ár núverandi þings og framkvæmdastjórnar, þar sem nýtt þing og framkvæmdastjórn verða kosin á næsta ári. Eftir sem áður þá byggir starfsáætlun ESB á þeim sex forgangsmálum sem skilgreind voru í fimm ára stefnumörkun Ursula von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar ESB:

1. Grænn sáttmáli fyrir Evrópu
2. Stafræn framtíð Evrópu
3. Efnahagskerfi sem sinnir þörfum almennings
4. Evrópsk gildi
5. Lýðræði í Evrópu
6. Áhrif Evrópu á heimsvísu

Þessu til viðbótar hefur innrás Rússlands í Úkraínu mikil áhrif á starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB að þessu sinni. Þar má meðal annars nefna aðgerðir sem er ætlað að bregðast við orkuvanda álfunnar, t.d. reglugerð um lágmark gasbirgða (Gas Storage Regulation) og áætlanir um að orkuþörf Evrópu verði minna háð gasinnflutningi (European Gas Demand Reduction Plan). Þá er í starfsáætluninni einnig að finna aðgerðir sem er ætlað að aðstoða ríki ESB við að taka á móti flóttafólki frá Úkraínu og varðandi fjárhagslegan stuðning vegna átakanna og til uppbyggingar innviða í Úkraínu.

Í öðru lagi er fjallað um samstarfsáætlanir ESB.

Í þriðja lagi er fjallað um málefni sveitarfélaga sem tengjast EES EFTA samstarfinu.

## 1. STARFSÁÆTLUN FRAMKVÆMDARSTJÓRNAR ESB ÁRIÐ 2023

### GRÆNN SÁTTMÁLI FYRIR EVRÓPU

Grænn sáttmáli fyrir Evrópu er áfram eitt fyrirferðamesta málið á dagskrá framkvæmdastjórnar ESB. Forseti framkvæmdastjórnar ESB, Ursula von der Leyen, hefur lýst því yfir að um sé að ræða mikilvægasta verkefni okkar tíma og að áframhaldandi hagsæld Evrópu byggji á því að vistkerfi jarðarinnar séu heilbrigð og nýting náttúruauðlinda sjálfbær. Hér er m.a. vísað til þess að loftslagsbreytingar, ofnýting á náttúruauðlindum, útrýming

tegunda, auk skógarelda, flóða og annarra náttúruhamfara sem loftslagsbreytingar auka enn á, grafi undan öryggi og hagsæld Evrópu.

Grænn sáttmáli fyrir Evrópu er svar ESB við þessu. Sáttmálanum er ætlað að tryggja kolefnishlutlausa Evrópu árið 2050 og því verði gripið til markvissra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda auk þess að aðlaga samfélög og efnahagskerfi Evrópu að áhrifum loftslagsbreytinga. Sáttmálanum er auk þess ætlað að vernda náttúruauðlindir og líffræðilegan fjölbreytileika Evrópu og þá skipar vernd hafsins einnig stóran sess í sáttmálanum.

En Græni sáttmálinn fjallar um annað og meira en loftslag og umhverfi. Honum er einnig ætlað að vera vaxtarsproti fyrir evrópskt efnahagslíf. Nýsköpun og nútímavæðing hagkerfa og iðnaðar Evrópu er því grundvallaratriði í samningnum, þar sem sköpun nýrra starfa og aukin samkeppnishæfni Evrópu eru lykilhugtök. Hringrásarhagkerfið er af þeim sökum einnig stór hluti af græna samningnum og þá er „stafrænu byltingunni“ einnig ætlað stórt hlutverk þegar kemur að grænum og sjálfbærum lausnum.

Ljóst er að Græni sáttmálinn mun hafa mikil áhrif á borgir, bæi og sveitarfélög í Evrópu þar sem hann fjallar um málaflokka sem svæðisbundin stjórnvöld fara með að stórum hluta eða að öllu leyti.

#### **i) Loftslagsstefna ESB**

Loftslagsstefna ESB er ein af meginstoðum Græna sáttmálans. Samkvæmt henni á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Evrópu um 55% fyrir árið 2030 og gera Evrópu að fyrstu kolefnishlutlausu heimsálfunni fyrir árið 2050. Ljóst er að þessi markmið munu kalla á verulega fjárfestingu á öllum sviðum samfélagsins og í þessu tilliti vísar ESB til aðgerða- og löggjafarpakka sem gengur undir nafninu „Fit-for-55“. Þá setja fjölmörg evrópsk sveitarfélög markið jafnvel enn hærra og stefna á kolefnishlutleysi eigi síðar en 2030. Þar sem Ísland er aðili að loftslagsmarkmiðum ESB má fastlega búast við að markmið og aðgerðir ESB muni einnig eiga við á Íslandi að einhverju leyti.

Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Reglugerðir sem varða vottun á bindingu kolefnis (Certification of carbon removals). Fyrir Ísland er binding kolefnis mikilvægt mál og markmið um kolefnishlutlaust Ísland byggir að stórum hluta á bindingu kolefnis með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Gerðin er ekki merkt „EES tæk“ og því ólíklegt að hún verði innleidd á Íslandi. Hins vegar er mikilvægt að fylgst sé náið með áformum ESB í þessum efnum þar sem það mun líklega hafa almenn áhrif á hvernig verði staðið að þessari vottun.
- Endurskoðun á reglum sem varða flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með það að markmiði að minnka enn frekar losun þeirra t.d. í tengslum við iðnaðarferli. Þar má t.d. nefna áliðnaðinn, en perflúorkolefni eru efni sem myndast við framleiðslu áls.

Gerðin er merkt „EES tæk“ og því er mikilvægt að Ísland fylgist grant með áformum ESB hvað þetta varðar. (Review of EU rules on fluorinated greenhouse gases).

## ii) Loftslagsvæn orka

Aðildarríki ESB vinna eftir s.k. landsáætlunum á sviði orku- og loftslagsmála og orkuskipta. Aukinn hlutur endurnýjanlegrar orku og orkuskipti er stórt og flókið mál fyrir aðildarríki ESB og er stigminnkandi notkun á jarðefnaeldsneyti í iðnaði og til húshitunar grundvallaratriði fyrir mörg aðildarríki ESB. Markmið ESB er að hlutfall endurnýjanlegrar orku verði orðið 45% árið 2030. Á sama tíma þarf að tryggja orkuöryggi og viðráðanlegt verðlag á orku í álfunni, en innrás Rússland í Úkraínu hefur enn frekar dregið fram mikilvægi þessara mála fyrir Evrópu. Þá eru áætlanir framkvæmdastjórnar ESB um sjálfbærar samgöngur og vistvæna innviðauppbyggingu nátengdar aðgerðum í orku- og loftslagsmálum.

Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Tilskipun sem varða markmið um sjálfbæra orku (Renewable energy directive).
- Tilskipun sem varðar markmið um aukna orkunýtni (Energy efficiency directive).

Báðar þessar tilskipanir hafa verið teknar inn í EES samninginn og því má fastlega reikna með að það sama komi til með að eiga við um endurskoðaðar útgáfur af þessum tilskipunum.

Evrópsk hagsmunasamtök sveitarfélaga, CEMR, sendi framkvæmdastjórn ESB umsögn um báðar þessar tilskipanir. Þar er m.a. bent á að evrópsk sveitarfélög búi við mjög mismunandi aðstæður og möguleika þegar kemur að sjálfbærri orku og betri orkunýtingu. Því sé mikilvægt að sveitarfélög séu höfð með í ráðum á öllum stigum þessarar vinnu. Þá benti CEMR á mikilvægi þess að litið sé á s.k. „Waste-to-Energy“ (umbreytingu á úrgangi í orku) sem sjálfbæra orku, þó svo að megináherslan verði eftir sem áður að draga úr úrgangi. Þessi áherslupunktur kom inn í umsögn CEMR að tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga og úrgangssérfræðings þess.

## iii) Samgöngupakki ESB

ESB hefur undanfarin ár unnið að framtíðarfyrirkomulagi í samgöngum í álfunni í gegnum s.k. samgöngupakka (Mobility package). Vistvænar samgöngur er mikilvægur hluti af loftslagsmarkmiðum ESB, auk þess að stuðla að auknum loftgæðum í borgum og bæjum og almennri vellíðan íbúa. Samgöngupakkinn er viðamikill og ljóst er að einungis hluti pakkans fjallar um mál sem snerta sveitarfélög, en þar má t.d. nefna orkuskipti í samgöngum, eflingu almenningssamgagna, breyttar ferðavenjur, skipulag borga og bæja og notkun stafrænna lausna.

ESB hefur nú þegar unnið að fjölda tillagna, aðgerða og reglugerða sem tengjast samgöngupakkanum með einum eða öðrum hætti. Þessa dagana vinnur ESB m.a. að því að uppfæra tilskipun sem snýr að uppbyggingu í tengslum við orkuskipti í samgöngum. Í tengslum við þá vinnu hefur verið bent á að bindandi reglur um t.d. þéttni vistvænna

hleðslustöðva geti verið veruega íþyngjandi fyrir fámenn en landfræðilega stór sveitafélög. Þá er unnið að tilskipun um notkun stafrænnar tækni í tengslum við umferðastjórnun og vegtolla.

Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Endurskoðun á tilskipun varðandi uppbyggingu á innviðum í tengslum við orkuskipti í samgöngum (Revision of the Directive on deployment of alternative fuels infrastructure).
- Tilskipun um notkun stafrænnar tækni í tengslum við umferðastjórnun og vegtolla (Directive on intelligent transport systems).

#### **iv) Sjálfbærar byggingar**

Framkvæmdastjórn ESB leggur mikla áherslu á að ráðist verði í aðgerðir sem snúa að sjálfbærni bygginga. Á síðasta ári lauk samráði við hlutaðeigandi aðila um hversu langt eigi að ganga í þeim efnum, hversu hratt, hvað skili mestum árangri þegar horft er til loftslagsaðgerða, o.s.frv. Um er að ræða uppfærslu á tilskipun sem varðar orkunýtni bygginga. Hér er um að ræða gríðarlega mikilvægt mál fyrir sveitarfélög þar sem mikill fjöldi gamalla bygginga heyrir undir þau og því ljóst að kvaðir um sjálfbærni bygginga getur haft í för með sér mikinn kostnað fyrir sveitarfélög. Evrópsk hagsmunasamtök sveitarfélaga, CEMR, sendi framkvæmdastjórn ESB umsögn um málið. Þar er m.a. bent á þessa staðreynd og það ítrekað að sveitarfélög séu höfð með í ráðum á öllum stigum málsins. Þá er bent á að jafnvægi þurfi að ríkja á milli loftslagsmarkmiða og félagslegra markmiða ESB og mikilvægi þess að sveitarfélögum standi til boða fjármagn úr sjóðum ESB til að fjármagna aðgerðir sem þessar. Hvað Ísland varðar þá er staðan allt önnur hér á landi þar sem t bæði raforka og húshitun er loftslagsvæn. Einnig er líklegt að fjárstuðningur ESB verði í gegnum byggðasjóði ESB og standi því íslenskum aðilum ekki til boða. Því er mikilvægt að íslensk stjórnvöld fylgist vel með þessum málum og að tryggt sé að Ísland taki ekki á sig skuldbindingar sem eru ekki í samræmi við þær aðstæður sem hér ríkja.

Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Endurskoðun á tilskipun sem varðar orkunýtni bygginga (Revision of the energy performance of Buildings Directive).

#### **v) Hringrásarhagkerfið**

Hringrásarhagkerfið, úrgangsmál, fráveitumál og neysla eru allt málaflokkar sem snerta íslensk sveitarfélög með beinum hætti. Mikið af löggjöf ESB um hringrásarhagkerfið fellur undir EES samninginn og því er mikilvægt að fylgst sé með vinnu ESB sem snýr að þessum víðtæka málafokki. Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að *Municipal Waste Europe* og veitir sú aðild greiðan aðgang að ESB málum sem varða hringrásarhagkerfið.



Meðal þess sem ESB vinnur að um þessar mundir er endurskoðun á fráveitutilskipun ESB og má fastlega reikna með því að enn frekari kröfur verði gerðar til hreinsunar í kjölfar þess. Má þar meðal annars nefna aðgerðir til að hreinsa örplast og lyfjaleifar úr fráveituvatni. Auk þess er lagt til að tilskipunin nái til fámennarri byggða en áður, 1.000 íbúa eða fleiri, í stað 2.000 íbúa. Núverandi tilskipun var innleidd á Íslandi og hér er því um að ræða mikilvægt mál fyrir íslensk sveitarfélög og ljóst er að innleiðing tilskipunarinnar hefur í för með sér verulegar fjárhagslegar skuldbindingar.

Sveitarstjórnarvettvangur EES-EFTA fjallaði um fráveitutilskipunina á fundi sínum í desember 2022. Í ályktun vettvangsins er bent á að allt aðrar aðstæður séu á Íslandi og í Noregi þegar horft er til vatnslota, náttúrulegra viðtaka, o.s.frv. Því sé nauðsynlegt að í tilskipuninni sé tekið tillit til þess og að tryggt sé að þær aðgerðir/hreinsun sem grípa eigi til séu í samræmi við þann umhverfislega ávinnig sem þeim er ætlað að skila.<sup>1</sup>

Samband íslenskra sveitarfélaga fylgist náið með framvindu málsins og í nánu samstarfi við sendiráð Íslands í Brussel, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, auk samráðs við Noreg, Svíþjóð og Finnland.

Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Endurskoðun á tilskipun varðandi frárennismál (Urban water treatment Directive). Meðal þess sem vænta má eru auknar kröfur varðandi hreinsun á lyfjaleifum og örplasti í fráveitum. Evrópuþingið er um þessar mundir að hefja umfjöllun um málið.
- Endurskoðun á tilskipun varðandi úrgang (Revision of the Waste Framework Directive) sem er í samráði við hagsmunaaðila um þessar mundir.
- Endurskoðun á reglugerð varðandi flokkun, merkingar og pakkningar (Regulation on classification, labelling and packaging). Búið er að samþykkja reglugerðina og vinna við að taka hana upp í EES samninginn er hafin. Því má reikna með að hún verði innleidd á Íslandi á næstu árum.

#### **vi) Líffræðilegur fjölbreytileiki**

Framkvæmdastjórn ESB vinnur um þessar mundir að nýjum lagaramma um endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika. Hlutverk sveitarfélaga þykir frekar óskýrt þegar kemur að áætlunum og markmiðssetningu í tengslum við líffræðilegan fjölbreytileika og hafa evrópsk hagsmunasamtök sveitarfélaga, CEMR, lagt til að þessu verði gerð betri skil í þeirri vinnu sem nú fer fram hjá framkvæmdastjórn ESB.

Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Nýr lagarammi í tengslum við endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika (New legal framework on the restoration of healthy ecosystems).

---

<sup>1</sup> Vefsíða EFTA: [www.efta.int/Advisory-Bodies/EEA-EFTA-Forum-Elected-Representatives-Local-and-Regional-Authorities-1287](http://www.efta.int/Advisory-Bodies/EEA-EFTA-Forum-Elected-Representatives-Local-and-Regional-Authorities-1287)

## vii) Umhverfisvernd

Vinna framkvæmdastjórnar ESB byggir á áttundu umhverfisáætlun ESB en henni er ætlað að leiða starf og markmiðasetningu aðildarríkja ESB þegar kemur að umhverfisvernd. Þessu tengdu má nefna að framkvæmdastjórn ESB vinnur einnig eftir stefnumörkun sem kallast „frá býli til gaffals“ og er henni ætlað að tryggja sjálfbær fæðukerfi fyrir íbúa Evrópu. Þá hefur framkvæmdastjórn ESB einnig samþykkt s.k. „zero-pollution“ áætlun, en með henni er stefnt að því að evrópskt umhverfi verði mengunarlaust.

Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Stjórn vatnsgæða og endurskoðun á lista um mengunarvalda í yfirborðs- og grunnvatni (Integrated water management – revised lists of surface and groundwater pollutants). Málið er í samráðsferli til 14. mars 2023.
- Endurskoðun á löggjöf um loftgæði (Revision of EU ambient air quality legislation). Málið er í samráðsferli til 14. mars 2023.

*Brussel-skrifstofa mun fylgjast með framvindu Græna sáttmálans og stefnumótun og löggjöf sem honum fylgir og gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga gagnvart honum.*

## STAFRÆN FRAMTÍÐ EVRÓPU

Stafræn framtíð Evrópu er áfram ofarlega á dagskrá framkvæmdastjórnar ESB. Umhverfi okkar tekur örur breytingum þessi misserin vegna stafrænnar þróunar, sem hefur á stuttum tíma gerbreytt hvernig við störfum og hegðum okkur. Í breytingum sem þessum felast tækifæri en einnig áskoranir fyrir sveitarfélög. Stafræn framtíð býr yfir miklum drifkrafti breytinga hvort sem horft er til viðskiptalífs eða samfélagsgerðar og tækifærin felast m.a. í nýjum samskiptaleiðum, bættri þjónustu og hvernig verslun og viðskiptum verður háttað í framtíðinni. Áskoranirnar snúa hins vegar einnig að siðferðilegum álitefnum í tengslum við notkun á gervigreind við úrvinnslu persónulegra gagna.

Stafræn framtíð Evrópu er sýn ESB á það með hvaða hætti Evrópa geti orðið leiðandi á sviði stafrænnar tækni, bæði sem brautryðjandi við þróun tækninnar og ekki síður þegar kemur að því að nýta sér hana. Á sama tíma leggur ESB áherslu á mikilvægi þess að Evrópa haldi fast í þau grunngildi sem íbúar álfunnar búa við, sem snúa m.a. að siðferðilegum álitamálum í tengslum við notkun á gervigreind við greiningu og miðlun upplýsinga.

Aðgerðir í tengslum við stafræna framtíð Evrópu sem ESB hefur sett fram:

Í fyrsta lagi er um að ræða grunnreglur um meðferð upplýsinga (Data Act) sem er ætlað að tryggja örygi gagna, en stuðla jafnframt að því að Evrópa geti nýtt sér sem best hið gríðarlega magn af upplýsingum sem ný tækni gerir bæði aðgengilegar og hugsanlega mjög gagnlegar á mörgum sviðum.

Í öðru lagi vinnur ESB að stefnumótun og löggjöf sem tengist hagnýtingu á tækni sem byggir á gervigreind. Þessi vinna byggir á Hvítbók sem kom út árið 2020, en hún markaði upphafið að stefnumótun og framtíðar löggjöf innan ESB hvað þessi mál varðar.

Í þriðja lagi vinnur ESB eftir gerðum um stafræna þjónustu (Digital Service Act) og stafræna markaði (Digital Markets Act) sem samþykktar voru um mitt síðasta ár. Markmiðið er m.a. að skilgreina betur lagalegan grunn ESB fyrir stafræna þjónustu og markaði, þá einkum með tilliti til smærri fyrirtækja. Þeim er einnig ætlað að huga að rétti neytenda. Gerðirnar eru hluti af þjónustutilskipun ESB frá 2006 sem var innleidd á Íslandi árið 2011 og því má leiða líkum að því að þær falli undir EES samninginn og verði þar af leiðandi innleiddar hér á landi.

#### Stafræn framtíð Evrópu og öryggismál:

Stafræn tækni og öryggismál eru samofin og tillaga framkvæmdastjórnar ESB að tilskipun um samræmt stig netöryggis (NIS2) er ætlað að leysa af hólmi eldri tilskipun (NIS) sem var innleidd á Íslandi árið 2019. Markmiðið með NIS er að tryggja hátt stig öryggis fyrir net- og upplýsingakerfi og auka viðnámsþrótt gegn netógnum á EES-svæðinu. Nái NIS2 fram að ganga, má gera ráð fyrir umtalsverðum áhrifum á núverandi netöryggislöggjöf, en tillagan nær til margskonar starfsemi og þar á meðal starfsemi sem fellur undir starfsvið sveitarfélaga, t.d. rekstur heilbrigðisþjónustu, rafmagns-, hita- og vatnsveitna.

#### Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Tilskipun sem varðar gögn og gagnaöryggi (Data Act), þar með talin atriði sem snúa að upplýsingum sem varða persónuvernd.
- Reglugerð um notkun á tækni sem byggir á gervigreind (Regulation laying down harmonised rules on artificial intelligence).
- Stafrænt evrópskt nafnskírteini (Framework for a European Digital Identity).
- Samstarfáætlun í tengslum við þróun stafrænnar þjónustu á vegum hins opinbera (Interoperable Europe Act).
- Uppbygging stafrænna innviða (The Gigabit Infrastructure Act).

*Brussel-skrifstofa mun fylgjast með framvindu þessara mála og miðla upplýsingum um þau.*

## **EFNAHAGSKERFI SEM SINNIR ÞÖRFUM ALMENNINGS**

Tilskipun ESB varðandi lágmarkslaun í Evrópu (Directive on adequate minimum wages) var samþykkt í október á síðast ári. Óhætt er að segja að tilskipunin hafi vakið mikla umræðu, einkum meðal Norðurlandabjóðanna. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja að allir íbúar Evrópu fái sanngjörn laun fyrir vinnuframlag sitt. Þessi áform ESB eru talin góðra gjalda verð en þau hafa valdið töluverðum áhyggjum og hafa ríki Norðurlandanna áhyggjur af því að lagasetning ESB um lágmarkslaun kunni að hafa neikvæð áhrif á norræna kjarasamningsmódelið. Danmörk hefur kveðið að kæra ákvörðun ESB og halda því fram að samþykkt tilskipunarinnar falli utan valdsviðs ESB. Sveitarstjórnarvettvangur EES EFTA

ályktaði um málið á fundi sínum í febrúar 2021. Í ályktuninni er tekið undir markmið framkvæmdastjórnar ESB varðandi lágmarkslaun, en jafnframt lögð áhersla á að tillögur framkvæmdastjórnar ESB megi ekki hafa neikvæð áhrif á þau kjarasamningsmódel sem fyrir eru í Evrópu og virka vel. Alls óvíst er hvort tilskipunin teljist EES tæk og er málið til umfjöllunar hjá EES EFTA ríkjunum um þessar mundir.

Meðal annarra tengdra mála má nefna tilskipun ESB um gegnsæi í launagreiðslum (Pay transparency directive) sem er ætlað að styðja við markmið ESB um að starfsfólk fái greidd sömu laun fyrir sömu vinnu. Hér er sérstaklega horft til þess að kyn starfsfólks hafi ekki áhrif á launakjör þeirra. Tilskipunin var samþykkt í lok síðasta árs, en Sveitarstjórnarvettvangur EES EFTA ályktaði um málið á fundi sínum í desember á síðasta ári. Í ályktuninni er áréttað að töluverður munur sé á stöðu þessara mála í álfunni og t.d. bent á að á Íslandi sé nú þegar búið að innleiða jafnlaunavottun.

Í lokin er vert að nefna jafnréttisáætlun ESB, en hún rammur inn áherslur framkvæmdastjórnar ESB í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2025. Þar má m.a. nefna áherslur er varða kynbundið ofbeldi og heimilisofbeldi á grundvelli markmiða Ístanbúl-samningsins, jöfn laun fyrir sömu vinnu og bindandi reglur um launagagnsæi (sem nefnt var hér að ofan). Einnig er lögð áhersla á að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum og við ákvörðunartöku, jafna umönnunarábyrgð milli kynja, gæta vel að mismunandi áhrifum loftslagsbreytinga á kynin og vinna gegn fjölþættri mismunun.

Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Tilskipun um lágmarkslaun í Evrópu (Directive on adequate minimum wages). Búið er að samþykkja tilskipunina, en hvort hún teljist EES tæk á eftir að koma í ljós.
- Tilskipun um gegnsæi í launagreiðslum (Pay transparency directive). Búið er að samþykkja tilskipunina, en hvort hún teljist EES tæk á eftir að koma í ljós.

*Brussel-skrifstofa mun fylgjast með framvindu þessara mála, gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga og miðla upplýsingum.*

## **EVROPSK GILDI OG LYÐRÆÐI**

Evrópsk gildi, lýðræði og aukið samráð við borgara álfunnar er meðal þess sem ESB hefur sett á oddinn í starfsáætlun sinni. Sú neikvæða lýðræðisþróun sem nú á sér stað innan nokkurra aðildarríkja ESB er ein helsta ástæða þess að ESB vill beita öllum tiltækum ráðum til að tryggja að aðildarríki ESB virði grundvallarlög og reglur sambandsins um lýðræði og mannréttindi.

Þá hefur stríður straumur flóttamanna til Evrópu valdið þó nokkrum núningi innan ESB og því er talið brýnt að aðildarríki ESB nái samstöðu um aðgerðir til að stemma stigu við ólögmetum fólksflutningum og mansali í Evrópu og réttlátari ábyrgðarskiptingu á milli aðildarríkjanna. Ljóst er að innrás Rússlands í Úkraínu eykur enn frekar þennan vanda.

„Málefni flóttamanna eru flókin og núverandi kerfi virkar ekki“ sagði Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, í stefnuræðu sinni í september 2020. Við sama tækifæri kynnti hún áform ESB um breytingar á innflytjenda- og hælisleitendakerfi Evrópu. Þetta kallar einnig á breytingar á hinni umdeildu Dyflinnar-reglugerð sem Ísland er aðili að. Þá er ljóst að innrás Rússland í Úkraínu mun enn frekar reyna á núverandi kerfi og t.d. hefur verið bent á að ekki gæti jafnræðis þegar kemur að hælisleitendum frá Úkraínu samanborið við hælisleitendur frá öðrum svæðum þar sem álíka neið ríkir.

Tillaga framkvæmdastjórnar ESB – New Pact on Migration and Asylum – felur í sér þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi að um sé að ræða sameiginlegt kerfi fyrir öll aðildarríki ESB. Í öðru lagi þarf kerfið að vera mun hraðvirkara og skilvirkara. Í þriðja lagi þarf að tryggja að ríki ESB beri jafnari ábyrgð þegar kemur að málsmeðferð í málum hælisleitenda. Þetta kallar m.a. á breytingar á Dyflinnar-reglugerðinni, en hún ákvarðar hvaða Schengen ríki beri ábyrgð á meðferð hælisumsóknar. Samkvæmt reglugerðinni er ríkjum heimilað að senda hælisleitenda aftur til þess Schengen ríkis sem hann kom fyrst til. Dyflinnar-reglugerðin hefur lengi verið umdeild og hún hefur leitt til ójafnar ábyrgðar og álags meðal ríkja ESB þar sem meginþorri flóttamanna koma til Evrópu í gegnum Grikkland, Ítalíu og Spán. Ísland er hluti af Schengen og Dyflinnar reglugerðin á við um hælisleitendur hér á landi. Því er ljóst að fyrirhugaðar breytingar á innflytjenda- og hælisleitendakerfi ESB munu að öllum líkindum hafa áhrif á meðferð þessar mál á Íslandi.

Málefni flóttamanna eru meðal þeirra mála sem evrópsk hagsmunasamtök sveitarfélaga, CEMR, fjalla um. Í ályktun sem CEMR sendi frá sér er lögð áhersla á að ESB móti heildstæða stefnu varðandi málefni flóttamanna og að byrði landa innan Schengen samstarfsins verði jöfnuð.

Velferð íbúa Evrópu fellur einnig undir þennan kafla og þar má m.a. nefna áætlanir um grundvallarréttindi barna (EU strategy on the rights of the child) og varðandi réttindi fatlaðra einstaklinga (Strategy on the rights of persons with disabilities). Þá er hafin vinna innan ESB varðandi aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi (Proposal to prevent and combat specific forms of gender-based violence).

Listi yfir helstu mál sem ESB vinnur að og snerta sveitarfélög:

- Dyflinnar-reglugerðin (Revision of the Dublin regulation).
- Aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi (Proposal to prevent and combat specific forms of gender-based violence).
- Ofbeldi gegn börnum á netinu (Legislation to fight child sexual abuse online).
- Haturorðræða (Hatespeech).

*Brussel-skrifstofa mun fylgjast með framvindu þessara mála og miðla upplýsingum um þau.*

## 2. EVRÓPSKAR SAMSTARFSÁÆTLANIR

Á vegum ESB eru reknar viðamiklar samstarfsáætlanir sem miða að því að auka félagslegan og efnahagslegan jöfnuð innan aðildarríkja ESB og styðja við framþróun og hagvöxt. Samstarfsáætlanirnar styrkja opinbera aðila, sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.

Núverandi tímabil stendur yfir frá 2021 til 2027. Að þessu sinni verður lögð aukin áhersla á verkefni sem tengjast loftslagsmarkmiðum ESB – „Fit-for-55“. Stefnt er að sem mestri samþættingu samstarfsáætlananna við loftslagsmarkmið ESB og a.m.k. 25% fjármagnsins verður eynamerkt verkefnum á sviði loftslagsmála.

Ísland mun að mestu leyti halda áfram að taka þátt í þeim samstarfsáætlunum sem við höfum áður átt aðild að. Það er hins vegar nýtt að Ísland tekur nú í fyrsta sinn taka þátt í LIFE, umhverfis- og loftslagsáætlun ESB og Digital Europe, samstarfsáætlun ESB um stafræna þróun. Báðar þessar áætlanir fela í sér tækifæri fyrir íslensk sveitarfélög, þar sem umhverfismál, loftslagsmál og stafræn þróun eru allt málaflokkar sem eru mikilvægir fyrir sveitarfélög.

Þá mun Samband íslenskra sveitarfélaga taka þátt í s.k. „Horizon Aðlögunarleiðangri ESB“ fyrir hönd íslenskra sveitarfélaga. Þessu til viðbótar mun Reykjavíkurborg taka þátt í s.k. „Horizon leiðangri um 100 kolefnishlutlausar borgir“. Þátttaka í þessum leiðöngrum tryggir íslenskum sveitarfélögum betri aðgang að upplýsingum og tengslaneti evrópskra borga, bæja og sveitarfélaga í tengslum við mögulega þátttöku í samstarfsáætlunum ESB á þessum sviðum.

Í tengslum við ofangreinda Horizon leiðangra og aðgerð C.3, Grænt og snjallt Ísland í byggðaáætlun 2022-2036 hefur sambandið einnig gert samning við umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið vegna tímabundinnar ráðningar verkefnastjóra sem er ætlað að aðstoða sveitarfélög við að sækja um styrki í samstarfsáætlanir ESB.

Listi yfir samstarfsáætlanir ESB sem stendur íslenskum aðilum til boða:

- **Horizon Europe:** Áætlunin er framhald af Horizon 2020 og henni er ætlað að styðja við rannsóknir og nýsköpun á öllum sviðum vísinda og fræða með það að markmiði að auka samkeppnishæfni Evrópu, skapa störf og stuðla að því að góðar hugmyndir komist á markað. Horizon Europe mun einnig veita fjármagni til nýsköpunar í rekstri og þjónustu opinberra aðila, þ.m.t. sveitarfélaga.
- **Erasmus+:** Mennta-, æskulýðs-, og alþjóðaáætlanir ESB voru á síðasta tímabili sameinaðar í þessa einu áætlun. Reikna má með að leik- og grunnskólar geti t.d. áfram sótt um styrki til náms starfsmanna og starfsþjálfunar og til samstarfsverkefna með öðrum skólum á EES-svæðinu. Áhersla er lögð á að fjárfesta í fólki til ávinnings bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Markmiðið er m.a. að auka færni fólks sem og virkja einstaklinga til

- þátttöku í samfélaginu, að nútímavæða menntakerfið með aukinni áherslu á starfsmenntun og auka hreyfanleika bæði nemanda og kennara.
- **Digital Europe:** Áætluninni er ætlað að bregðast við áskorunum og tækifærum í tengslum við „stafrænu byltinguna“ og auka færni borgara til þess að nýta nýja tækni sér og samfélaginu til hagsbóta. Ísland tekur nú í fyrsta sinn þátt í þessari áætlun og því vert fyrir íslenskt sveitarfélög að kynna sér þau tækifæri sem því fylgja.
  - **LIFE Programme for Environment and Climate Action:** LIFE, styrkjaáætlun ESB fyrir umhverfis- og loftslagsmál. Ísland tekur nú í fyrsta sinn þátt í þessari áætlun og nú þegar er töluverð umsóknarvinna í gangi hjá íslenskum sveitarfélögum. Þar má m.a. geta þess að sveitarfélög og aðilar á Norðurlandi Eystra og Vestfjörðum sendu fyrr á þessu ári inn LIFE umsókn varðandi orkuskipti í samgöngum.
  - **Creative Europe:** Felur m.a. í sér samstarf menningarstofnana. Reikna má með að áfram verði í boði styrkir til að skipuleggja millilandaheimsóknir fyrir evrópska listamenn, til þjálfunar og styrkingar tengslaneta fyrir fagfólk og til að koma listamönnum og verkum þeirra á framfæri á nýjum mörkuðum.
  - **Connecting Europe Facility:** Áætlun sem ætlað er að auka hagvöxt, atvinnu og samkeppnishæfni með markvissum fjárfestingum í innviðum. Á síðasta tímabili tók Ísland þátt í verkefni á sviði upplýsinga og samskiptatækni (ICT) innan Connecting Europe Facility áætlunarinnar.

Á Íslandi hefur Rannís umsjón með þeim samstarfsáætlunum ESB sem Ísland tekur þátt í og auk þess gegnir Rannís stuðningshlutverki varðandi gerð umsókna, leit að samstarfsaðilum, o.s.frv.

*Brussel-skrifstofa mun fylgjast með málinu og leitast við að afla upplýsinga um samstarfstækifæri og vinna að þátttöku íslenskra sveitarfélaga í evrópskum samstarfsáætlunum.*

### 3. EES EFTA SAMSTARFIÐ

#### SVEITARSTJÓRNARVETTIVANGUR EES EFTA

Sveitarstjórnarstigið hefur mikilla hagsmuna að gæta í EES samstarfinu og því var sveitarstjórnar-vettivangur EES EFTA settur á fót árið 2010. Þar eiga sæti tólf kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Íslandi og Noregi, auk tveggja áheyrnarfulltrúa frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutfélög sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands.

Markmiðið með vettivanginum er að tryggja þátttöku sveitarstjórnarmanna í EES samstarfinu og koma á tengslum við Svæðanefnd ESB\* en hún er einnig skipuð kjörnum fulltrúum á sveitarstjórnarstigi frá aðildarríkjum ESB. Sveitarstjórnarvettivangur EES EFTA hefur fest sig í sessi, fundir eru haldnir tvisvar á ári og vettivangurinn hefur samþykkt tæplega 50 ályktanir um hagsmunamál sveitarfélaga gagnvart ESB og EES samningnum. Þessum ályktunum er

komið á framfæri við stjórnvöld og stofnanir EFTA ríkjanna og stofnanir ESB. Viðfangsefnin eru af ýmsum toga; fjallað hefur verið um fráveitutilskipun ESB, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, evrópskar samstarfsáætlanir, deilihagkerfið, gervigreind, gagnavernd, orkunýtni, opinber innkaup, úrgangsmál, ríkisaðstoðarmál og málefni sem varða launþega.

COVID-19 faraldurinn hefur sett strik í starfsemi vettvangsins að undanfögnu þar sem höft á ferðalög og samkomutakmarkanir hafa hamlað fundasókn. Því var það ánægjulegt að tuttugasti og þriðji fundur vettvangsins gat farið fram í Brussel dagana 1-2. desember 2022. Aðalmál fundarins var endurskoðun á fráveitutilskipun ESB og áform ESB í tengslum við kynbundin launamun. Þá tók Ísland við formennsku á fundinum og er Rósa Guðbjartsdóttir, fulltrúi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóri Hafnarfjarðar, nýr formaður vettvangsins. Næsti fundur verður 11.-12. maí í Sviss og að þessu sinni verða málefni tengd stafrænni framþróun til umræða, þ.m.t. löggjöf ESB sem snýr að uppbyggingu stafrænna innviða (The Gigabit Infrastructure Act).

Á vefsíðu<sup>2</sup> Sambands íslenskra sveitarfélaga eru nánari upplýsingar um vettvanginn og allar ályktanir vettvangsins er að finna á vefsíðu<sup>3</sup> EFTA.

*\*Svæðanefnd ESB er skipuð kjörnum fulltrúum sveitar- og svæðastjórna. Nefndinni er ætlað að tryggja aðkomu svæða og sveitarfélaga að ákvörðunartöku ESB allt frá fyrstu stigum löggjafarvinnunnar og þar til gerðir eru samþykktar af ráðherraráði ESB og Evrópuþingi. Framkvæmdastjórn ESB, ráðherraráði og Evrópuþinginu er skylt að hafa samráð við nefndina um stefnumótun ESB og löggjafartillögur sem varða málefni sveitarfélaga og svæða., s.s. tillögur á sviði umhverfismála, menntamála, byggðamála og samgöngumála. Nefndin getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði. Svæðanefndin hittist fullskipuð (353 fulltrúar) fimm til sex sinnum á ári en auk þess starfa sex fastar undirnefndir sem heyra undir Svæðanefndina.*

[Brussel-skrifstofa mun skipuleggja fundi sveitarstjórnarvettvangsins í samráði við norska sveitarfélagasambandið og EFTA-skrifstofuna, auk þess að vinna að nánari tengslum við Svæðanefnd ESB.](#)

## **RÁÐGJAFARNEFND EFTA**

Ráðgjafarnefnd EFTA er samráðsvettvangur heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum. Nefndinni er ætla að vera EFTA ríkjunum og stofnunum EFTA til ráðgjafar um vinnumarkaðsmálefni. Ísland á fjóra fulltrúa í nefndinni; frá ASÍ og BSRB annars vegar og Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hins vegar, en Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áheyrnaraðild að nefndinni og situr forstöðumaður Evrópuskrifstofu sambandsins fundi hennar í Brussel. Nefndin vinnur annars vegar að gerð sameiginlegra

<sup>2</sup> Vefsíða sambandsins: [www.samband.is/verkefni/alhjudamal/sveitarstjornarvettvangur-efta](http://www.samband.is/verkefni/alhjudamal/sveitarstjornarvettvangur-efta)

<sup>3</sup> Vefsíða EFTA: [www.efta.int/Advisory-Bodies/EEA-EFTA-Forum-Elected-Representatives-Local-and-Regional-Authorities-1287](http://www.efta.int/Advisory-Bodies/EEA-EFTA-Forum-Elected-Representatives-Local-and-Regional-Authorities-1287)



álitsgerða með fulltrúum frá ESB á vettvangi Ráðgjafarnefndar EES og hins vegar að sjálfstæðum álitsgerðum sem kynntar eru fastanefnd EFTA í Brussel og ráðherrum EFTA-ríkjanna.

Ráðgjafarnefnd EES er samráðsvettvangur ESB og EFTA sem samanstendur af Ráðgjafarnefnd EFTA og Efnahags- og félagsmálanefnd ESB.

Í starfsáætlun nefndarinnar fyrir árið 2023 verða á dagskrá málefni tengd Græna sáttmálanum, m.a. svo kallaðri „Fit for 55“ áætlun ESB. Þá verða málefni tengd Stafrænni framtíð Evrópu á dagskrá, auk þess sem fjallað verður um hugmyndir ESB um að hagkerfi álfunnar vinni sem mest að hag íbúa Evrópu (Economy that works for the people).

*Brussel-skrifstofa mun sitja fundi nefndarinnar í Brussel, koma sjónarmiðum íslenskra sveitarfélaga á framfæri og miðla upplýsingum til sambandsins og íslenskra sveitarfélaga.*

## **UPPBYGGINGARSJÓÐUR EES**

Markmið Uppbyggingarsjóðs EES er að draga úr félags- og efnahagslegu misræmi innan evrópska efnahagssvæðisins og efla tvíhliða samstarf milli EES EFTA ríkjanna og viðtökuríkjanna fimmtán:

Búlgaríá, Eistland, Grikkland, Króatía, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland.

Sjóðurinn er fjármagnaður með greiðslum EES EFTA ríkjanna, þ.á.m. Íslands. Því er lögð áhersla á að skapa tækifæri fyrir íslenskar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og frjáls félugasamtök til samstarfs við aðila í viðtökuríkjunum með tilstyrk sjóðsins.

### **Áherslusvið Uppbyggingarsjóðs EES**

Samningur um nýtt starfstímabil Uppbyggingarsjóðs EES 2014-2021, með framkvæmdatíma til 2024, var undirritaður 3. maí 2016. Samningurinn kveður á um að heildarframlag EES EFTA ríkjanna fyrir tímabilið skuli nema 1.6 milljörðum evra.

Viðtökuríkin gera sjálf tillögur um hvaða málaflokkum þau vilja starfa að í samstarfi við EES EFTA-ríkin, en áherslusvið sjóðsins eru eftirfarandi:

- Nýsköpun, rannsóknir, menntun og samkeppnishæfni
- Félagsleg samheldni, vinnumál ungs fólks og minnkun fátæktar
- Umhverfi, orka og loftslagsmál
- Menning, borgaralegt samfélag, góðir stjórnarhættir, grunnréttindi og frelsi
- Réttlæti og innanríkismál

Innan þessara áherslusviða er síðan að finna 23 styrkjaáætlanir. Ein þessara áætlana fellur með beinum hætti undir verksemi sveitarfélaga: *Svæðisbundin þróun og aðgerðir til að minnka fátækt*. Áætluninni er ætlað að styrkja verkefni á vegum sveitarfélaga og svæða sem glíma við félags- og efnahagslegar áskoranir, s.s. fátækt, félagslega einangrun, atvinnuleysi, skort á

atvinnuuppbyggingu, nýsköpun og samfélagslegum endurbótum. Akureyri mun taka þátt í þessari áætlunum í samstarfi við pólska sveitarfélagið Jelenia Gora.

Þessu til viðbótar má nefna styrkjaáætlanir á sviði Nýsköpunar, Menntunar og menningar, Orku- og umhverfismála, Samfélagslegra umbóta og Málefni flóttamanna. Allt eru þetta áætlanir sem falla að stórum hluta undir verksvið sveitarfélaga. Því er einnig vert að kanna mögulega þátttöku íslenskra sveitarfélaga í verkefnum sem falla undir þessar áætlanir.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur fjallað um Uppbyggingarsjóð EES og m.a. lagt til að sambandið vinni að því að auka þátttöku íslenskra sveitarfélaga í verkefnum á vegum sjóðsins. Skrifstofa sambandsins í Brussel vinnur að þessu í samstarfi við Rannís, skrifstofu sjóðsins og Samband norska sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má nálgast hjá forstöðumanni skrifstofu sambandsins í Brussel og á vefsíðu<sup>4</sup> Uppbyggingarsjóðs EES þar sem m.a. er hægt að fylgjast með auglýsingum eftir umsóknum um þátttöku í verkefnum.

*[Brussel-skrifstofa mun fylgjast með málinu og leitast við að afla upplýsinga um samstarfstækifæri og vinna að þátttöku íslenskra sveitarfélaga í verkefnum Uppbyggingarsjóðs EES.](#)*

---

<sup>4</sup> Vefsíða Uppbyggingarsjóðs EES: [www.eeagrants.org](http://www.eeagrants.org)